



Vinnuálagssambandið

Laugalæk 2a · 105 Reykjavík · Sími 91-686855 · Símbref 91-681284

Allsherjarnefnd Alþingis,
b.t. Ágústu H. Lárusdóttur,
Þórshamri v/Templarasund

Alþingi

Erindi nr. P 118 /105

komudagur 16 /11 1994

Reykjavík, 8. nóvember 1994.

Vinnuálagssambandið hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um skipan héraðsdómstóls í skatta- og bókhaldsmálum, 9. mál.

Frumvarpið gerir ráð fyrir stofnun sérstaks dómstóls til viðbótar við starfandi héraðsdómstóla. Í athugasemdum með frumvarpinu er á því byggt að þetta sé nauðsynlegt vegna þess að nauðsynleg sérþekking sé ekki til staðar hjá núverandi dómstólum. Einnig er fullyrt að afgreiðsla mála muni ganga greiðar fyrir sig hjá nýjum dómstóli, heldur almennum dómstólum, sem séu ofhlaðnir störfum.

Ljóst er af frumvarpi þessu og fleiri frumvörpum, sem sami flutningsmaður hefur lagt fram og til er vitnað í athugasemdum með frumvarpi, að markmið þeirra er að vinna bug á skattsvikum í þjóðfélagi. Sú leið sem frumvarpið felur í sér mun hins vegar ekki skila þeim þeim árangri. Með þeirri réttarfarsbreytingu, sem gerð var 1. júlí 1992 var stefnt að einföldum dómskerfisins, m.a. með fækkun sérdómstóla. Rökin fyrir fækkun dómstóla var ekki hve síst sú að oft getur það verið tilefni til réttarágreinings hvort mál lúti lögsögu sérdómstóls eða ekki. Fækkun sérdómstóla leiðir því í eðli sínu til einföldunar og skilvirkni. Réttarfars breytingarnar hafa nú þegar skilað töluverður árangri, þannig að mál ganga greiðar fyrir sig, heldur en áður. Skattsvikum tengjast oft á tíðum ýmis hegningarlaga brot sömu aðila, t.d. skjalafals. Þá er ekkert hagræði í því fólgið að láta sérdómstól fjalla um skattalagabrotin einvörðungi, heldur getur það beinlínis tafið fyrir dómsmeðferð. Hraði dómsmála hlýtur alltaf að fara eftir því hvernig þau eru unnin af hálfu þess aðila, sem stefnir málinu fyrir dóm. Þau rök að núverandi héraðsdómstólar séu störfum hlaðnir, eru ekki sérstaklega rökstudd. Ef sú er raunin er eðlilegra að fjölga starfsmönnum hjá þeim embættum, þar sem málafjöldi er mikil í stað þess að stofna nýjan dómstól. Þau rök að sérþekkingu vanti við starfandi héraðsdómstóla er ekki heldur réttmæt. Samkvæmt gildandi lögum um meðferð einkamála og opinberra mála hafa dómara hafa heimild til að skipa sérfróða meðdómendur í flóknum málum, t.d. skatta-bókhaldsmálum og hefur það oft verið gert.

Með vísun til framangreinds er ekki hægt að fallast á að frumvarp þetta verði að lögum.

Virðingarfyllst,

Jón R. Pálsson